



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Fréttatilkynning

Nr.:

Efni: **Leiðrétting vegna rangrar staðhæfingar á málstofu lagadeildar Háskóla Íslands**

Vegna frétt aflutnings af villandi ummælum á málstofu á vegum lagadeildar Háskóla Íslands í gær vill fjármálaráðuneytið koma á framfæri eftirfarandi leiðréttingu:

Á málstofunni var staðhæft að íslenska ríkið hafi með uppgjörssamningi á milli íslenska- og breska innstæðutryggingasjóðsins ábyrgst tveggja milljarða króna lögfræðikostnað Breta við að ná fram ríkisábyrgð Íslendinga. Þetta er rangt.

Hið rétta er að íslensk stjórnvöld féllust sl. haust á það að þeim bæri að greiða innstæðueigendum í Bretlandi og Hollandi hluta af innstæðum þeirra í Landsbanka Íslands(LÍ) í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins um innstæðutryggingar. Hluti af skuldbindingum innstæðutryggingasjóða samkvæmt reglugerðinni er að sjá um útborganir og samskipti við innstæðueigendur. Innstæðutryggingasjóðir Bretlands og Hollands sáu um þetta verkefni hvað varðar innstæðueigendur hjá LÍ í þessum löndum. Íslenski og breski innstæðutryggingasjóðirnir gerðu með sér samkomulag um að deila með sér þeim kostnaði sem hlytist af uppgjöri þess fyrrnefnda við sparifjáreigendur í útibúum Landsbankans í Bretlandi. Íslenski innstæðutryggingasjóðurinn fellst með samningnum á að greiða kostnað upp að 10.000.000 breskum pundum. Sambærilegt samkomulag var gert við hollenska innstæðutryggingasjóðinn vegna kostnaðar að fjárhæð 7.000.000 evrur.

Verkefni erlendu sjóðanna fólst í að hafa samskipti við alla innstæðueigendur í löndunum, um 350.000 að tölu, upplýsa þá um stöðu mála, reikna út og ákveða greiðslur til hvers og eins og eftir atvikum að semja um þær. Þeim sem til þekkja er ljóst að mikill kostnaður fylgir þessu, m.a. vegna bréfaskrifta, tölvuvinnslu, upplýsingasíma fyrir innstæðueigendur og ýmissrar aðkeyprar vinnu svo og lögfræðikostnaður vegna ágreiningsmála við innstæðueigendur. Útborgunum er ekki að fullu lokið og ágreiningsmál enn uppi. Talið var heppilegra fyrir íslenska sjóðinn að semja um hlutdeild sína með fastri fjárhæð. Með því mun allur viðbótarkostnaður kostnaður falla í innstæðutryggingasjóðina í Bretlandi og Hollandi.

Kostnaði innstæðutryggingasjóðsins af þessu verður lýst í þrotabú Landsbanka Ísland sem

forgangskröfu eins og gert verður með innstæðurnar. Verði fallist á hana mun að því að áætlað er um 75% fjárhæðarinnar greiddast úr þrotabúi LÍ.

Fjármálaráðuneytið harmar að leiðrétta þurfi málflutning á málstofum sem haldnar eru á vegum Háskóla Íslands og óvandaðan fréttflutning þegar fjallað er um jafn viðkvæm og mikilvæg mál og hér um ræðir. Þetta á einkum við m.t.t. þess að heimildir um þetta efni hafa legið fyrir lengi. Hollenski samningurinn sem kveður á um þetta hefur frá því að frumvarpið var birt verið aðgengilegur meðal annarra lykilskjala málsins á island.is og enski samningurinn hefur verið aðgengilegur þingmönnum. Í hvorugu tilvikinu er minnst á lögfræðikostnað sem er þó gert að aðalatriði í málflutningi og fréttum.

Reykjavík 24. júlí 2009